

**Nd.** **283. Breytingartillaga**

við frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 8. gr.

1. málslíður greinarinnar orðist svo:

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára, þó getur fræðsluráð ákveðið að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess.



löng, en ekki miðuð við þunga bíla, þar sem aðeins er um innansveitarumferð að ræða, og enga mjólkurflutninga, því að sauðfjárrækt er aðalatvinnuvegur allra Bárð-  
dæla.

Þegar ákveðið var að byggja nýja brú yfir Ölfusá, vegna vaxandi þungavöru-  
flutninga, kom mér til hugar, að hugsanlegt væri, að gamla brúin hjá Selfossi gæti  
gert mest gagn, ef hún yrði endurbyggð yfir Skjálfandafljót í Bárðardal. Fannst mér  
m. a., að minningu Tryggva Gunnarssonar væri verðuglega haldið á lofti með því að  
láta Ölfusárbrúna enda sína daga til gagns í ættarhéraði þessa merkilega bónda úr  
F'njóskadal, sem gerðist mestur brúarsmiður á Íslandi. Eftir að mér var fullkunnugt  
um, að Ölfusárbrúin var of veik og of mjó til að verða nothæf yfir Hvítá hjá Skál-  
holti, byrjaði ég að ræða um hugsanlegan flutning brúarinnar norður að Skjálfanda-  
fljóti. Emil Jónsson samgöngumálaráðherra fól vegamálastjóra að láta athuga brú-  
arstæðið hjá Stóruvöllum í sumar sem leið. Lét Geir Zoëga kunnáttumenn sína gera  
nákvæma mælingu á brúarstaðnum með tilliti til þess, að Ölfusárbrúin kynni að  
verða flutt þangað. Hafði vegamálastjóri reynslu í þessu efni, þar sem hann hafði  
flutt og endurbyggt gömlu Sogsbrúna uppi við Hvítárvatn. Reynist hún þar ágæt-  
lega, enda aðeins umferð af léttibilum, eins og verða mundi í Bárðardal.

Skömmu eftir að Alþingi kom saman í haust, svaraði Emil Jónsson samgöngu-  
málaráðherra fyrirspurn frá Eiríki Einarssyni þm. Árnesinga um skilyrðin til að  
flytja Ölfusárbrúna að Iðu. Svaraði ráðherrann þessari fyrirspurn neitandi og byggði  
þá skoðun á skriflegu álitu vegamálastjóra. Leggur vegamálastjóri til, að byggð verði  
yfir Hvítá hjá Iðu ný brú, breið og sterk og burðarmagn hennar miðað við þunga  
mjólkur- og vörubíla. Ráðherrann gaf í ræðu sinni nokkrar upplýsingar um aðra  
staði, sem til mála gætu komið fyrir endurbyggða Ölfusárbrú. Nefndi vegamálastjóri  
í skýrslu sinni fjóra staði:

1. Blöndu hjá Löngumýri, 50 m.
2. Hvítá í Borgarfirði hjá Bjarnastöðum, 52—55 m.
3. Lagarfljót hjá Kirkjubæ, 62 m.
4. Tungná á Sprengisandsleið, 65—70 m.

Um þessi fjögur brúarstæði segir Geir Zoëga:

„Þar sem vænta má, að styrkleika þriggja fyrsttöldu brúanna verði að miða við,  
að fullhlaðnar mjólkurflutningabifreiðar fari þar um, efast ég nú um, að rétt þyki að  
nota Ölfusárbrúna þar, því að þeir eru allt að 8 tonn að þyngd.“ . . . „Frekar geri  
ég ráð fyrir, að gamla brúin þætti nothæf á jafnfáfarinni leið og yfir Tungná.“

Síðan minnst vegamálastjóri á Skjálfandafljót:

„Hefur sérstaklega verið óskað, að athugað væri, hvort ekki mætti nota Ölfus-  
árbrúna á Skjálfandafljót, því að þar mundi væntanlega nægja létt brú. Brúarstæði,  
er til greina koma þar, hafa verið mæld sl. sumar.“ Telur vegamálastjóri, að með  
nokkurri breytingu kynni að mega nota brúna yfir Skjálfandafljót.

Brúarstæðið hjá Stóruvöllum er 112 m á lengd, en Ölfusárbrúin er 110 m, en þriðj-  
ungur hennar er yfir þurru landi, austan árinna. Nú er öruggur klapparbotn í Skjálf-  
andafljóti, og hefur nýlega verið byggður öruggur stöpull fyrir svonefnda Kvíslar-  
brú yfir ál úr fljótinu, skammt frá Goðafossi. Með því að gera stöpul á klapparbotni  
Skjálfandafljóts hjá Stóruvöllum eru uppfyllt öll nauðsynleg skilyrði til að nota  
brúna þar, því að vitaskuld má nota þann hluta brúarinnar, sem nú er yfir þurru  
landi, yfir grynningar þær, sem eru í Skjálfandafljóti austanverðu hjá Stóruvöllum.  
Ég hef þess vegna miðað tillöguna við það, að vegamálastjórnin mætti ákveða Ölfus-  
árbrúnni stað hjá Stóruvöllum í Bárðardal, ef örugg undirstaða væri fyrir stöpul á  
heppilegum stað í fljótinu. Reynslan hefur sýnt, að slíkir stöplar þola vel isrek, bæði  
við áðurnefnda Kvíslarbrú og þá ekki síður hjá Ferjukoti, þar sem undirstaða var  
þó allt önnur og erfiðara að byggja úti í ánni en hjá Stóruvöllum.

Það, sem mælist með, að Ölfusárbrúin verði endurbyggð hjá Stóruvöllum, er það,  
að hún er af heppilegri lengd. Það skaðar ekki, þó að brúin sé nokkuð mjó og ekki

talin bera þunga vagna, þar sem aðeins er um innansveitarumferð að ræða. Í öðru lagi er ekki í neinum hrepp á Íslandi byggð á 40 km svæði skilin sundur með stórflyjóti nema í Bárðardal. Öll stórvötn verða brúuð fyrir eða síðar. Ölfusárbrúin virðist hvergi koma að fullum notum nema í Bárðardal. Er þá ávinningur að bæta úr þörf þessarar sveitar með brú, sem til er, svo að héruð, sem þurfa breiðar og sterkar brýr, geti fengið þá úrlausn, sem hentar þeirra þörfum.

**Ed.**

## 287. Nefndarálit

um frv. til l. um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmanna (HG og KA) voru fjarstaddir.

Alþingi, 4. des. 1945.

Þorst. Þorsteinsson,  
form., frsm.

Eiríkur Einarsson.

Páll Hermannsson.

**Ed.**

## 288. Nefndarálit

um frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er borið fram af ríkisstjórninni í framhaldi af samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 23. ágúst síðastl. Fjárhagsnefnd Nd. gaf að visu út tvö nefndarálit um málið, en ágreiningurinn virðist ekki hafa verið um málið sjálft, heldur um upphæð lánsheimildarinnar og atriði í samningunum.

Það mun vera samróma álit allra eða flestra, að nota beri þá fjármuni, sem þjóðinni hafa safnast, að sem allra mestum hluta til öflunar framleiðslutækja, og mun þá varla orka tvímælis, að nauðsyn sé að endurnýja, auka og umbæta þau framleiðslutækin, sem hvað fengsælust hafa verið í höndum Íslendinga, en það eru togararnir.

Ríkisstjórn og Nýbyggingarráð hófust því handa um það að fá togara í Englandi, en á því voru miklir örðugleikar, bæði að fá leyfi stjórnarvalda og ná samningum við skipasmíðastöðvar. Þó var von um að fá örfáa eða alls 6 togara smíðaða handa Íslendingum. Þriggja manna nefnd, sem var í útlöndum á vegum Nýbyggingarráðs, tókst þó að útvega stjórnarleyfi fyrir 30 nýjum togurum fyrir Íslendinga og ná samningum við 5 kunn skipasmíðaverkstæði um bygging þessara togara. Voru þessir bráðabirgðasamningar miðaðir við beztu togara, sem smíaðir eru fyrir Englendinga og beztir hafa þótt hér, 170 feta skip, og áttu þeir að kosta 72 þúsund sterlingspund, eða um 1.87 millj. kr. hver. Var gert ráð fyrir, að nefnd sérfróðra manna færi til Englands og gengi frá samningum um gerð skipanna o. fl.

Er þessi árangur var fenginn, lét ríkisstj. hefja nákvæmar athuganir á því, hvernig þessir togarar skyldu vera, og hafði einnig um það samráð við útgerðarmenn hér, eftir því sem til náðist. Varð þá að ráði að hafa skipin töluvert stærri, 175 fet að lengd, vél allmiklu sterkari, eða 1300 hö í stað 900 ha., oliukyndingu í stað kolakyndingar, íbúðir sjómanna betri o. s. frv. Olli þetta hækkun á verði skipanna upp í 98000 sterlingspund (2.55 millj. kr.), 26000 punda hækkun á skip, eða rúml. 36% hækkun frá fyrra verði. Telja menn þó, að stækkun og umbætur á skipunum séu þessa virði. Á þetta við 28 af hinum nýju togurum, en 2 togararnir eru nokkru minni, 170 fet, með

dieselvél, og eru um 2000 sterlingspundum ódýrari hvor. Fór nefnd utan, eins og ráð hafði verið fyrir gert, og gekk frá þessum samningum. Voru samningar gerðir í október síðastl. Um þriðjungur togaranna á að vera tilbúinn fyrir árslok 1946 og hinir fyrir árslok 1947. Dieseltogararnir munu þó ekki verða til fyrr en á árinu 1948.

Það var að skilyrði sett, að ríkisstjórn Íslands hefði milligöngu um þessi kaup í einu lagi og að gengið yrði til samninga tafarlaust, þar sem nóg er eftirspurnin. Eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, selur ríkisstjórnin skip þessi aftur, og hefði óneitanlega verið æskilegast að geta gert út um þær sölugerðir en samningar voru gerðir. En þess var enginn kostur, bæði sökum þess hraða, er hafa varð á málinu, ónógs undirbúnings og þó ekki sízt hins, að ekki hafði verið gengið frá um lánskjör kaupendunum til handa, og er ekki enn frá því gengið. Er því augljóst, að fyrir ríkisstjórnina var ekki nema um tvennt að velja, að gera kaupin upp á væntanlega sölu eða eiga á hættu, að Íslendingar yrðu af skipunum.

Þegar kostur hafði verið gerður á nokkrum togurum í Englandi, spurðist ríkisstjórnin fyrir um að, hverjir óskuðu að koma til greina um slík togarakaup. Bárust þá umsóknir um kaup á 43 togurum. En þessar „pantanir“ voru vitanlega án allra skuldbindinga, og auk þess munu þær hafa verið miðaðar við mun lægra verð en endanlega var ákveðið. Hefur því Nýbyggingarráð auglýst eftir umsóknum um þessa 30 togara, og er umsóknarfrestur til 15. þ. m. Er nokkuð í óvissu enn um þetta, enda munu ýmsir eða ef til vill flestir biðja eftir að fá að vita, hver lánskjör verður um að ræða til þessara kaupa. Má ekki dragast lengi að ganga úr skugga um það. Ríkisstjórnin hefur fengið hægari kjör í Englandi um útborgun, 10% í stað 20%, og um úthlutunaraðferð mun hafa verið ákveðið. Það er og víst, að mikill meiri hluti þessara togara er þegar út genginn, og verður sennilega engin fyrirstaða um sölu þeirra allra, þegar nauðsynlegum undirbúningi er lokið. Aðalatriðið er vissulega, að skip þessi eru tryggð Íslendingum, þó að enn sé ekki víska fengin um það, á hvaða hendur þau komast hér innan lands.

Deila mætti um það, hve há lánsheimild 2. gr. ætti að vera. Hún virðist upphaflega hafa verið miðuð við fullt verð 30 togaranna, eða 2 millj. kr. á skip (1.87 millj. að viðbættu ýmsu, er auka þyrfti við). Ekki var þó líklegt, að nokkru sinni kæmi til þess að ríkissjóður þyrfti að svara út öllu þessu fé, og hefði lánsheimildin því mátt vera lægri. Á hinn bóginn hefur lánsheimildin ekki verið hækkuð, þó að nú sé um hækkun á kaupverði togaranna að ræða úr tæpum 60 millj. kr. í fullar 75 millj. Virðist alveg ástæðulaust að hrófla við þessari lánsheimild. Hún verður aldrei annað en ágizkun. Hún verður að vera rúm, en engin ástæða til að ætla, að hún verði notuð um þarfir fram, enda er hún bundin við þær framkvæmdir, sem í 1. gr. getur.

Þess hefur nokkuð orðið vart í umræðum um þetta mál, að kaup 30 mjög stórra og vandaðra togara í einu þætti beina nýsköpunarfjármagninu um of í eina átt. Auk þess hafa menn látið í ljós efa um, að fást mundi mannaflí á öll þessi skip. En þar er þess að gæta, að þorrinn af þeim togurum, sem Íslendingar eiga nú og gera út, er ekki til frambúðar og ætti ekki að torvelda sölu þeirra um skör fram. Er því hér um að ræða framtíðar togarafloa Íslendinga fyrst um sinn. Og ekki hefur verið vanrækt að afla annarra fiskiskipa, þar sem útlit er fyrir, að um 100 nýir vélbátar bætist í flotann, áður en langt um líður. Þessi skip koma þó aðeins smátt og smátt og fyrirfram ekki ástæða til þess að óttast skort á mönnum á þau, ef útgerð þeirra á annað borð verður rekin með sæmilegri afkomu. Um önnur áform til nýsköpunar atvinnuveganna er hér ekki ástæða að ræða.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 4. des. 1945.

Magnús Jónsson,  
form., frsm.

H. Guðmundsson. Kristinn E. Andrésson.

Þorst. Þorsteinsson,  
með fyrirvara.

**Ed.**

## **289. Frumvarp til laga**

um skólakerfi og fræðsluskyldu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

### **1. gr.**

Allir skólar, þeir sem kostaðir eru eða styrktir af almannafé, mynda samfellt skólakerfi.

### **2. gr.**

Skólakerfið skiptist í þessi fjögur stig: 1. barnafræðslustig, 2. gagnfræðastig, 3. menntaskóla- og sérskólastig, 4. háskólastig.

Á barnafræðslustiginu eru barnskólar. Á gagnfræðastiginu eru unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar. Á menntaskóla- og sérskólastiginu eru menntaskólar og sérskólar. Á háskólastiginu er háskóli.

### **3. gr.**

Barnaskólar eru fyrir börn á aldrinum 7—13 ára. Barnafræðslunni lýkur með barnaprófi.

### **4. gr.**

Unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar taka þegar við að loknu barna-  
prófi. Þeir greinast í tvenns konar deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild, eftir því, á hvort námið er lögð meiri áherzla.

Unglingaskólarnir eru tveggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í tveimur neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með unglingaprófi, og veitir það rétt til framhaldsnáms í miðskólum og gagnfræðaskólum.

Miðskólarnir eru þriggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í þremur neðstu hekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með landsprófi, miðskólaprófi. Það veitir rétt til inngöngu í sérskóla og menntaskóla með þeim takmörkunum, er kunna að verða settar í lögum þeirra eða reglugerðum.

Gagnfræðaskólar í kaupstöðum eru fjögurra ára skólar. Gagnfræðaskólar í sveitum veita aðeins tveggja ára fræðslu að loknu unglingaprófi. Þó er fræðslu-  
málastjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef forráðamenn gagnfræðaskóla óska þess. Nemendur gagnfræðaskóla ganga eftir 2 eða 3 ár undir sama próf, sem nemendur unglingaskóla og miðskóla. Burtfararpróf úr gagnfræðaskóla, gagnfræðapróf, veitir rétt til náms í þeim sérskólum, er þess prófs krefjast, og til starfs við opinberar stofnanir, eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

### **5. gr.**

Menntaskólar skulu vera samfelldir fjögurra ára skólar og greinast í deildir eftir því, sem þörf krefur. Burtfararpróf þaðan, stúdentspróf, veitir rétt til háskólanáms.

Um sérskóla segir í lögum þeirra og reglugerðum hvers um sig.

### **6. gr.**

Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf. Þó getur háskóladeild krafizt viðbótarprófa, ef þörf gerist. Háskólinn greinist í eins margar deildir og þurfa þykir, eftir því sem ákveðið verður í lögum hans og reglugerð.

### **7. gr.**

Kennsla er veitt ókeypis í öllum skólum, sem kostaðir eru að meiri hluta af almannafé.

8. gr.

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára. Þó getur fræðsluráð ákveðið að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess. Heimilt er sveitarfélögum með samþykki fræðslumálastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára.

9. gr.

Nú getur nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, og skal þá veita styrk til þess af almannafé.

10. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd á fræðslu, skipan skóla hvers stigs og fjárramlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum fyrir skóla hvers stigs.

11. gr.

Lög þessi taka þegar gildi og skulu koma til framkvæmda á árunum 1946—1952, eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð.

## **Nd. 290. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

2. gr. laganna breytist og verði þannig:  
Lögreglustjórar innheimta gjald þetta í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.  
Um greiðslu gjaldsins í rikissjóð fer sem um aukatekjubókargjöld.

2. gr.

Fyrri málsliður 4. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazi staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga um lestagjald af skipum, nr. 37 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

## **Ed. 291. Nefndarálit**

um frv. til l. um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá Nd. Þingmenn Skagfirðinga fluttu frv. þar. Mörg undanfarin ár hafa bændur í Skagafirði varið miklu fé og fyrirhöfn til að verjast ágangi Héraðsvatna á lönd þar. Er svo komið nú, að þeir treystast ekki til að bera þann kostnað hjálparlaust.

Í frv. þessu er ætlað til, að ríkissjóður veiti sams konar aðstoð og á sínum tíma var ákveðið að veita á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.  
Landbúnaðarnefnd telur þetta eðlilegt og mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 4. des. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, Kristinn E. Andrússon, Páll Hermannsson,  
form. fundaskr. frsm.  
Eiríkur Einarsson. H. Guðmundsson.

**Nd. 292. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 266 [Raforkulög].

Flm.: Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

Við tölul. 2. Fyrir orðin „eiga og reka skv. 1. gr.“ kemur: eiga og reka eða eiga í smíðum skv. 1. gr.

**Ed. 293. Nefndarálit**

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin varð sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. des. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, Kristinn E. Andrússon, H. Guðmundsson,  
form. fundaskr., frsm.  
Páll Hermannsson. Eiríkur Einarsson.

**Ed. 294. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að laun yfirullarmatsmanna og ullarmatsformanns hækki um  $\frac{1}{3}$  frá því, sem verið hefur að undanförunu allt frá árinu 1936.

Landbúnaðarnefnd telur sanngjarnt, að laun þessara starfsmanna hækki til samræmis við laun manna við sambærileg störf og leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 4. des. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, Kristinn E. Andrússon, H. Guðmundsson,  
form. fundaskr. frsm.  
Páll Hermannsson. Eiríkur Einarsson.



**Nd. 295. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 232 [Raforkulög].

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Á eftir „ $\frac{2}{3}$  kostnaðar“ í tillgr. komi: gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar.

**Ed. 296. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina kemur ný málsgrein:  
Þó er ráðherra heimilt að láta rétt til kennaralauna og rekstrarkostnaðar samkvæmt lögum þessum einnig ná til einkaskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði.
2. Á eftir 1. gr. kemur ný grein svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):  
9. gr. laganna orðist svo:  
Ríkissjóður greiðir kennaralaun húsmæðraskólanna samkv. ákvæðum launagala og  $\frac{3}{4}$  rekstrarkostnaðar gegn  $\frac{1}{4}$  frá hlutaðeigandi héraði. Framlag ríkisins til rekstrar skólanna miðast við það, að hver húsmæðraskóli fái í rekstrarkostnað fyrir hverja námsmey sem svarar 75% af tilkostnaði ríkisins við hvern nemanda í bændaskólum landsins árið áður, enda séu þar dregin frá öll kennaralaun.

**Ed. 297. Nefndarálit**

um frv. til l. um togarakaup ríkisins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er samhljóða bráðabirgðalögum frá 23. ágúst sl. og hefur nú hlotið samþykki hv. neðri deildar.

Allir munu sammála um það, að þjóðinni sé þörf á að eignast ný framleiðslutæki, þar á meðal togara. Ber að sjálfsögðu að styðja alla skynsamlega viðleitni í þá átt. Hins vegar mun þó mjög orka tvímælis og vera umdeilt, hvort samningur sá, er ríkisstjórnin hefur gert um togarakaup í Bretlandi, sé oss Íslendingum hagkvæmur, bæði að því er snertir verð og gerð skipanna.

Með togarakaupum þessum hefur íslenska ríkið tekið á sig meiri fjárhagslega ábyrgð en dæmi eru til áður, og þó ræðst ríkisstjórnin í slíkt, án þess að leita samþykkis Alþingis. Hún veitir og sjálfri sér heimild með bráðabirgðalögum til stórfelldari lántöku heldur en nokkurn tíma hefur verið veitt. Virðist fjárveitingavald Alþingis og vald þess yfir fjármálum ríkisins yfirleitt vera orðið næsta lítils virði, ef slíkt er látið viðgangast átölulaust.

Að sjálfsögðu ber ríkisstjórninni skylda til að kalla Alþingi saman og bera stórmál þetta undir það, áður en gengið var endanlega frá samningum þessum. Var þetta því sjálfsagðara, sem mörg önnur vandamál þurfti að leysa. Ríkisstjórnin tók þó þann kost að ráða bæði þessu máli og mörgum fleiri til lykta upp á sitt eindæmi. Var

þó ríkisstjórninni margbent á það á síðasta þingi, í sambandi við þingfrestunarmálið, að Alþingi þyrfti að koma saman eigi síðar en 1. sept. vegna sumra þessara mála. Virðist stjórnskipulag vort (þingbundið lýðveldi) beinlínis vera í nokkurri hættu, ef þessu fer fram. Að bera þessa samninga nú undir Alþingi, eftir að þeir eru gerðir og skuldbindingar teknar gagnvart öðru ríki, er raunverulega formið eitt.

Það álit var látið í ljós af fylgismönnum ríkisstjórnarinnar í nefndinni, að ekki mundi þurfa að nota svipað því alla þá lánsheimild, 60 millj. kr., sem 2. gr. ákveður. Virðist mér þá, eins og í pottinn er búið, óþarfi að veita viðtækari heimild í þessu efni en þörf er á. Legg ég því til, að á frv. verði gerð eftirfarandi

#### BREYTING:

Við 2. gr. í stað „60 millj. króna“ komi: 30 millj. króna.

Alþingi, 4. des. 1945.

Bernh. Stefánsson.

### **Ed. 298. Breytingartillaga**

við frv. til 1. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Hermanni Jónassyni.

Við 2. gr. B.

- a. Á eftir 7. tölulið kemur nýr liður: Drangnes.
- b. Á eftir 12. tölulið kemur nýr liður: Gjögur.
- c. Á eftir 22. tölulið kemur nýr liður: Kaldrananes í Bjarnarfirði.
- d. Á eftir 26. tölulið kemur nýr liður: Norðurfjörður.

### **Sp. 299. Tillaga til þingsályktunar**

um kaup á skipinu Pétursey handa Sjóminjasafni Íslands.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Sveinbjörn Högnason, Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að festa kaup á áttæringnum Pétursey, sem nú er í eigu Jóns Halldórssonar í Vík í Mýrdal, og afhenda hann Sjóminjasafni Íslands til eignar og varðveislu.

#### **Greinargerð.**

Flest ef ekki öll þau skip, sem notuð voru fyrir aldamót við „sandana“ á Suðurlandi og í Vestmannnaeyjum, munu nú úr sögunni eða ósjófær orðin. En eins og kunnugt er, voru skip þessi gerð með sérstöku lagi og gerð til að hæfa sem bezt brimsjóunum við hina opnu strönd. Eitt þeirra fáu þessara skipa, Pétursey, mun þó enn í sæmilegu ásigkomulagi vegna framúrskarandi góðs viðhalds og hirðu núverandi eiganda, Jóns Halldórssonar, kaupm. í Vík. Skip þetta er einnig eitt þeirra, sem frægast er frá sjóferðum við hina opnu strönd Suðurlandsins síðari hluta 19. aldar og allt fram yfir aldamót. Skipið mun byggt í Mýrdal árið 1855 og er 4.02 smálestir að stærð. Það virðist sjálfsgætt að geyma svo merkar minjar frá sjósókn landsmanna, og því er tillaga þessi fram borin.

**Nd.**

**300. Lög**

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 129.

**Nd.**

**301. Lög**

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 84.

**Nd.**

**302. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1946 með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 143.

**Ed.**

**303. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrarlandi.

(Afgreidd frá Ed. 5. des.)

Samhljóða þskj. 112.

**Nd.**

**304. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 266 [Raforkulög].

Frá Pétri Ottesen og Bjarna Ásgeirssyni.

Við tölul. 3. Fyrir „ $\frac{2}{3}$ “ kemur: 85%.

**Ed.**

**305. Breytingartillaga**

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. gr. Aðra málsgr. skal orða svo:

Ef vara er seld tvenns konar verði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar og hún sér um, að hæfilegt neytlumagn vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er í vísitölu, að viðbættum 25% sé á boðstólum með lægra verðinu, skal vísitalan eingöngu miðuð við það.

**Sþ.**

### **306. Breytingartillaga**

við till. til þál. um flutning hengibrúar.

Frá Eiríki Einarssyni og Ingólfi Jónssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvort hin gamla hengibrú á Ölfusá hjá Selfossi sé nothæf á eitthvert þeirra vatnsfalla í Árnes- eða Rangárvallasýslu, sem aðkallandi er, að brúað verði, og láta flytja brúna til endurbyggingar á þann stað í þeim héruðum, er gerlegt og réttmætt þykir að hagnýta brúna að dómi vegamálastjórnar. Leiði rannsókn hins vegar í ljós, að brúin henti eigi til nota í fram-  
annefndum héruðum, skal setja hana á fyrirhugað brúarstæði á Hvítá í Borgarfirði hjá Bjarnastöðum í Hvitársíðu, enda leiði rannsókn, er ríkisstjórnin lætur framkvæma, í ljós, að brúin henti þar og geti komið að fullum notum. Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

**Nd.**

### **307. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 58 27. júní 1941, um landnám ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin lætur framkvæma landnám við þorp og kaupstaði og í sveitum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, og greiðir ríkissjóður til þessara framkvæmda 500 þús. kr. á ári. Heimilt er og að verja í sama skyni allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem árlega kann að verða ákveðin í fjárlögum ríkisins til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.

2. gr.

Á eftir orðunum „sem ríkið er eigandi að“ í 2. gr. laganna komi: eða í landi, sem er eign sveitar- eða bæjarfélaga, enda takist samningar um það.

3. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Áður en landnámssvæði í ríkiseign er ákveðið, skal nýbýlastjórn o. s. frv.

4. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 9. gr., svo hljóðandi:

Þau sveitar- og bæjarfélög, sem óska að verða þessa landnáms aðnjótandi, skulu sækja um það til nýbýlastjórnar. Sé þeim gefinn kostur á slíku landnámi, skulu þau með samningi skuldbinda sig til að byggja eða sjá um, að byggð verði íbúðar- og peningshús og aðrar nauðsynlegar byggingar í samræmi við það skipulag, er nýbýlastjórn ákveður. Þegar uppfylltar hafa verið kröfur nýbýlastjórnar um byggingar og aðra tilhögun á landnámssvæðinu, þá verður viðkomandi sveitar- og bæjarfélag eigandi þeirra umbóta, sem nýbýlastjórn hefur látið framkvæma þar samkvæmt lögum þessum. Þegar sveitar- eða bæjarfélag kostar byggingar á landnámssvæðinu, nýtur það hlunninda samkv. 5. gr., eftir því sem við getur átt.

Býli þau, sem um ræðir í þessari grein, skulu leigð á erfðaábúð, eins og fyrir er mælt í lögum um óðalsrétt og erfðaábúð.